

Fróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna



# Ársskýrsla 2007

## Annual Report

# UNIFEM í stuttu máli



Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, UNIFEM, var stofnaður árið 1976 í kjölfar heimsráðstefnu SP um málefni kvenna í Mexíkó 1975. Þar varð ljóst að þörf var á sérstökum sjóði fyrir konur til að efla þróun og framfarir. Ljóst er að sjóðnum hefur tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og réttindum á þeim rúmu 30 árum sem hann hefur verið starfræktur.

UNIFEM vinnur að því að efla konur og auka réttindi þeirra. UNIFEM starfar samkvæmt Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem sett voru árið 2000. Þúsaldarmarkmiðunum er ætlað að vera leiðarljós í þróunaraðstoð til að ná betri og markvissari árangri. Áhersluatriðin fjögur í starfi UNIFEM eru:

- Að draga úr kvenvæðingu fátæktar
- Að binda endi á ofbeldi gegn konum
- Að draga úr útbreiðslu HIV/AIDS meðal kvenna og stúlkna
- Að koma á jafnrétti kynjanna með lýðræðislegri stjórnun jafnt á friðar- og stríðstímum

UNIFEM starfar víða um heim en með sérstakri áherslu á þróunarlönd og stríðshrjáð svæði. Höfuðstöðvar sjóðsins eru staðsettar í New York og sjóðurinn treystir alfarið á frjáls framlög frá ríkisstjórnnum, fyrirtækjum og einstaklingum. Sjóðurinn hefur endurtekið verið nefndur best rekni þróunarsjóðurinn innan SP en þar er annars vegar horft til fjármálastjórnar stofnunarinnar og hins vegar skilvirkni þróunarverkefna á hennar vegum.

UNIFEM á Íslandi er ein af 16 landsnefndum UNIFEM en þær eru frjáls félagasamtök sem styðja við starf sjóðsins. Markmið UNIFEM á Íslandi er að afla fjár til verkefna UNIFEM frá hinu opinbera, fyrirtækjum og einstaklingum, kynna og auka áhuga landsmanna á UNIFEM auk þess að vera málsvari kvenna í þróunarlöndum með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti friðar og framfara.



# Efnisyfirlit



Sigríður Viðis Jónsdóttir



Magnea Marinósóttir

<b>Ávarp stjórnarformanns</b>	<b>4</b>
<b>Innanlandsstarf, fræðslu- og kynningarmál</b>	<b>5</b>
<b>UNIFEM á alþjóðavettvangi 2007</b>	<b>8</b>
<b>Stuðningur ríkisins við UNIFEM</b>	<b>9</b>
<b>Styrktaraðilar</b>	<b>11</b>
<b>Fjármál UNIFEM á Íslandi</b>	<b>12</b>
<b>Overview of 2007</b>	<b>13</b>
<b>Fólkið á bak við UNIFEM á Íslandi</b>	<b>15</b>



Sjöfn Vilhelmsdóttir



Alda Lóa Leifsdóttir

# Ávarp formanns



**Guðrún Margrét Guðmundsdóttir,**  
formaður UNIFEM á Íslandi.

Árið 2007 var fyrir margar sakir merkisár hjá landsnefnd UNIFEM á Íslandi. Á árinu ákvað stjórnin að láta gamlan draum rætast. Nú skyldi leggjast í undirbúning metnaðarfullrar fjáröflunar og vitundavakningar fyrir *Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum* en sjóðurinn fagnaði einmitt 10 ára afmæli sínu á árinu. Niðurstaða stjórnar varð að *Fiðrildavika* skyldi haldin í kringum Alþjóðlegan dag kvenna, 8. mars 2008, og ekki seinna vænna en að hefja undirbúninginn.

Fram til þessa hafði stjórnin aðeins leyft sér að dreyma um slíkar stórfamkvæmdir vegna fjárskorts en í byrjun árs 2007 varð breyting á. Tveir mikilvægir samning-

ar voru undirritaðir við Glitni og utanríkisráðuneytið. Þannig var fjárhagslegur grundvöllur landsnefndarinnar loks tryggður og tími til að standa við stóru orðin. En meira þurfti til svo að draumurinn gæti ræst, t.d. skorti kynningarefni um UNIFEM og landsnefndina á íslensku. Ráðist var í að kippa þessu í liðinn. Einnig var ljóst að stjórninni skorti liðsauka því ekki nægðu til nokkrar stjórnarkonur í sjálfböðastarfi og ein framkvæmdastýra. Kraftmiklir liðsmenn bættust í hópinn. Snemma sumars tók Kristín Ólafsdóttir, framleiðandi og ráðgjafi landsnefndar UNIFEM, að sér yfirstjórn Fiðrildaviku og Elínros Líndal, blaðamaður, tók stuttu síðar að sér fjáröflun átaksins í sjálfböðavinnu. Ráðgjafar UNIFEM með verndarann, Ásdís Höllu Bragadóttur, í fararbroddi veittu dýrmæt ráð í ferlinu og opnuðu leiðir til fjáröflunar. Ráðgjafarnir Gréta Guðmundsdóttir og Diljá Þórhallsdóttir, eigendur auglýsingastofunnar Plánetunnar settu allt kynningarefnið í fallegan búning og Eva Hrönn Steindórsdóttir var ráðin verkefnastýra. Á árinu 2008 bættist svo enn við í hóp starfskvenna og sjálfböðaliða.

Grundvöllur árangurs Fiðrildavikunnar var lagður árið 2007. Markmiðunum var náð; UNIFEM og Styrktarsjóðurinn voru á hvers manns vörum í heila viku og 92 milljónir króna söfnuðust. Fyrir hönd stjórnar þakka ég öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til að láta þennan draum rætast.

*Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, formaður*



# Innanlandsstarf, fræðslu- og kynningarmál

## Febrúar

### Samstarf við kvannahreyfinguna

UNIFEM á Íslandi á í góðu samstarfi við kvannahreyfinguna á Íslandi. Á þessu ári tók UNIFEM þátt í tveimur fundum sem nefndust *Stefnumót við stjórn málaflokka*. Í fyrra skiptið, 28. febrúar, var rætt um kynbundið ofbeldi og í seinna skiptið, 17. apríl, var tekinn fyrir kynbundinn launamunur. UNIFEM málaði einnig bæinn

bleikan þann 19. júní auk þess að taka þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi.

## Mars

### Samstarf mannúðarsamtaka

Snemma á árinu var stofnað til samstarfs mannúðarsamtaka á Íslandi. Markmið samstarfsins er að vekja athygli á framlagi samtakanna til þróunarsamvinnu,





skapa faglega umræðu um málefnið og það umhverfi sem mannúðarsamtök starfa í. Fyrsta verk samstarfs-hópsins var að efna til málþingsins *Frá hugsjónum til framkvæmda: Málþing um þróunarsamvinnu* þann 23. mars í Norræna húsinu. Þar talaði m.a. framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi um hvert hlutverk frjálsra félaga-samtaka í þróunarsamvinnu væri.

### Júní

#### Undirbúningur Fiðrildavikunnar

Í júní hófst undirbúningur fyrir stærsta og metnaðar-fyllsta verkefni UNIFEM á Íslandi til þessa. Ákveðið var að halda Fiðrildaviku UNIFEM í upphafi árs 2008 með það að markmiði að safna fé í *Styrktarsjóð UNIFEM* til

afnáms ofbeldis gegn konum. Valið var að styðja við verkefni sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum þar sem það er ein helsta fyrirstaða friðar og framfara í heiminum.

Sett var saman teymi sem tók að sér skipulagningu og framkvæmd átaksins í samstarfi við stjórn UNIFEM á Íslandi. Teymið samanstóð af yfirstjórnanda verk-efnis, fjáröflunarstýru, verkefnastýru átaksins, graf-ískum hönnuðum, framkvæmdastýru UNIFEM og fleiri sjálfbodaðliðum auk stjórnar. Á árinu 2008 bættist svo enn í hópinn. Helstu verkefni sem unnin voru á árinu 2007 var skipulagning fjáröflunar, gerð kynningarefnis, hönnun útlits, áætlunargerð um samskipti við fjölmiðla auk þess sem lokahönd var lögð á alla hugmyndavinnu bak við Fiðrildavikuna.

### Ágúst

#### Langtíburtuistan á menningarnótt

Á menningarnótt bauð UNIFEM á Íslandi gestum og gangandi á framandi kvennaslóðir í Langtíburtuistan. Gestir fengu tækifæri til þess að sjá, heyra um og snerta á veröld kvenna í þróunarlöndunum með aðstoð félaga í UNIFEM á Íslandi. Margir félagsmanna hafa ferðast um eða starfað í þróunarlöndum og lögðu þeir til ljósmyndir, muni, fatnað og tónlist frá þeim svæðum sem þeir hafa dvalið á. Mikil ánægja var með viðburðinn en á annað hundrað manns heimsóttu UNIFEM yfir daginn.

### Nóvember

#### Árlegur morgunverðarfundur

Líberíski aktivistinn, Lindora Howard-Diawara var heiðursgestur hins árlega morgunverðarfundar UNIFEM á Ís-





Lindora Howard-Diawara í heimsókn á Íslandi.

landi þann 23. nóvember. Lindora er framkvæmdastýra samtakanna, *Women in Peacebuilding Network (WIP-NET)* en það eru líberísk kvenréttinda- og friðarsamtök sem hafa haft gríðarleg áhrif á friðaruppbygginu í Líberíu. Í landinu geisaði blóðug borgarastyrjöld um 14 ára skeið sem lauk árið 2003. Endalokum stríðsins var ekki síst að þakka samstöðu kvenna. Lindora hafði mikil áhrif á fundargesti með sögum sínum af því hvernig konurnar í Líberíu mótmæltu stríðinu. Um tveggja ára skeið flyktust líberískar konur út á götur borga og bæja og kröfðust vopnahlés og samningaviðræðna stríðsaðila sem varð loks að veruleika árið 2003. Kraftur og samstaða kvennanna í WIPNET skilaði sér í aukinni þátttöku kvenna í stjórnámálum og mætti rekja sigur Ellen Johnson Sirleaf í forsetakosningunum 2005 til þessarar baráttu en Sirleaf er fyrsta konan sem gegnir embætti forseta í Afríku.

Morgunverðarfundurinn markaði upphafið að *16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi* sem á þriðja tug samtaka og stofnana standa að til að vekja athygli á og uppræta ofbeldi gegn konum.

### Tímaritið

Þann 23. nóvember kom út Tímarit UNIFEM á Íslandi 2007. Meginefni tímaritsins að þessu sinni var kynbundið ofbeldi en minni áhersla var lögð á fréttir af starfsemi landsnefndarinnar en áður. Leitast var við að hafa aðgengilegar greinar sem gæfu tilfinningu fyrir nauðsyn og árangri í starfsemi UNIFEM og alvarlegum afleiðingum ofbeldis gegn konum. Ritstjóri tímaritsins var Andrés Ingi Jónsson en fjölmargir aðrir pennar komu að gerð blaðsins.

### Desember

#### Jólafundurinn

UNIFEM á Íslandi fagnaði 18 ára afmæli sínu þann 18. desember með því að bjóða félögum í jólaglög og piparkökur. Hreiðar Eiríksson sem starfað hefur með Friðargæslu Íslands í Bosníu flutti áhrifamikið erindi um starf sitt með teymi sem vann gegn mansali þar í landi. Hann rakti sögu hins dæmigerða fórnarlamb mansals og sýndi fram á hversu auðvelt það er að lenda í slíkum aðstæðum. Einnig sagði hann frá því hvað teymið sem hann vann með gerði til að reyna að stemma stigu við mansali og frelsa stúlkur úr ánaud.



Halla Gunnarsdóttir



Halla Gunnarsdóttir

# UNIFEM á alþjóðavettvangi 2007

Stjórn Þróunaráætlunar SP (UNDP) og mannfjöldasjóðs SP (UNFPA) samþykkti stefnumótun og aðgerðaáætlun UNIFEM fyrir næstu fjögur ár, 2008-2011. Fjárframlög til UNIFEM hafa tvöfaldast og náðu árið 2007 í fyrsta

skipti yfir 100 milljónir Bandaríkjadala. Framlög in í *Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum* þrefölduðust frá því í fyrra og námu um 15 milljónum Bandaríkjadala.



Halla Gunnarsdóttir

Noeleen Heyzer framkvæmdastjóri UNIFEM hvarf til annarra starfa í ágúst en hún hafði gegnt stöðunni frá árinu 1994. Heyzer sem kemur frá Singapore var fyrsta konan úr suðrinu til að gegna þessu embætti. Joanne Sandler var skipuð framkvæmdastjóri UNIFEM tíma- bundið þar til ráðið yrði í stöðuna árið 2008.

Þann 25. nóvember hleyptu UNIFEM og góðgerðasendi- herra UNIFEM, Nicole Kidman, af stokkunum nýju átaki á internetinu sem kallast *Say NO to Violence Against Women*. Á slóðinni [www.saynotoviolence.org](http://www.saynotoviolence.org) er hægt að skrifa nafnið sitt í bók til að styðja við baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi.

UNIFEM tekur þátt í verkefni Sameinuðu þjóðanna *Delivering as One* sem miðar að því að þróunarstofnanir á vegum SP samþætti aðgerðir sínar í hverju landi fyrir sig. Verið er að prófa verkefnið í átta ólíkum löndum víðs vegar um heim. Sérstakt hlutverk UNIFEM í samstarfinu er að hafa eftirlit með verkefnum sem snúa að jafnrétti kynjanna og heimilisofbeldi.

Í mars var blásið til samtarfs 12 stofnana á vegum Sameinuðu þjóðanna til að stemma stigu við ofbeldi gegn konum á átakasvæðum en UNIFEM hefur yfirumsjón með verkefninu. Samstarfinu er ætlað að auka þekkingu og fræðslu um kynbundið ofbeldi í stríði og miðla aðferðum sem gefist hafa vel við að fyrirbyggja og takast á við ofbeldi.



Magnea Marinósdóttir





# Stuðningur Íslenska ríkisins við UNIFEM

## Samstarf UNIFEM á Íslandi og utanríkisráðuneytisins

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hefur um árabil átt farþætt samstarf við íslensk stjórnvöld og þá sérstaklega utanríkisráðuneytið. Þau tímamót voru mörkuð á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2007, að þáverandi utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, og formaður UNIFEM, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, undirrituðu samstarfssamning til þriggja ára (2007-2009) á milli ráðuneytisins og UNIFEM á Íslandi. Í honum felst að utanríkisráðuneytið leggur fimm milljónir króna til reksturs félagsins á ári þetta tímabil. Auk þess styður ráðuneytið við rekstur Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna þar sem UNIFEM er til húsa ásamt UNICEF og Félagi Sameinuðu þjóðanna. Markmið samningsins er m.a. að efla kynningu á hlutverki og starfsemi UNIFEM, stuðla að samþættingu jafnréttissjónarmiða í verkefnum íslenskra stjórnvalda og auka samvinnu íslenskra stjórnvalda við UNIFEM. Landsnefndin tekur m.a. að sér fræðslu um kynja- og jafnréttissjónarmið fyrir friðargæsluliða og unga sérfræðinga (Junior Professional Officers) sem starfa hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins.

## Aukinn stuðningur við UNIFEM

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur margoft bæði á innlendum og erlendum vettvangi vakið máls á mikilvægi þess að efla konur og tekur undir með þeim sem telja það bestu fjárfestingu sem hvert ríki getur gert. Utanríkisráðherra lítur á UNIFEM sem lykilsamstarfsaðila í þróunaraðstoð og hefur stuðningur ríkisins við sjóðinn stóraukist á síðastliðnum árum, eða úr 2,8 milljónum árið 2003 í 47,4 milljónir árið 2007. Í fjárlögum sem kynnt voru á haustdögum kom fram að

enn myndu framlög til UNIFEM hækka, í 87,5 milljónir, árið 2008. Styður ráðuneytið við verkefni UNIFEM í Afganistan, á Balkanskaga, í Afríku og nú síðast á eyjum í Karíbahafi.

Áhersla ríkisstjórnarinnar á jafnréttismál er ekki síður áberandi í framboði Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna en þar er sérstök áhersla lögð á ályktun Öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Í framboðinu er sérstaklega kveðið á um áherslu Íslands á virðingu fyrir alþjóðalögum, mannréttindum og lýðræði, verndun óbreyttra borgara á átakasvæðum með áherslu á konur og börn og framlag kvenna til friðarsamninga og friðaruppbyggingar.

## Íslenskar konur á vettvangi

Nokkur aukning hefur verið á þátttöku íslenskra kvenna í alþjóðlegum verkefnum á vegum UNIFEM en árið 2007 störfuðu fimm konur fyrir UNIFEM í stöðum sem kostaðar eru af utanríkisráðuneytinu.

Hildur Fjóra Antonsdóttir hefur starfað fyrir UNIFEM í Karíbahafinu frá því í október 2006 en þar gegnir hún stöðu ungs sérfræðings. Hildur Fjóra vinnur að ýmsum svæðisbundnum verkefnum í samstarfi við yfirvöld ríkja og frjáls félagasamtök á svæðinu auk annarra marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnustofnanir. Helstu verkefnin eru að minnka ofbeldi gegn konum og draga úr fátækt kvenna.

Guðrún Sif Friðriksdóttir hefur starfað hjá UNIFEM í Líberíu á vegum íslensku friðargæslunnar frá því í september 2007. Hún hefur yfirumsjón með verkefnum



Magnea Marinósdóttir



Sigríður Viðis Jónsdóttir



Irinnews

sem tengjast kynbundnu ofbeldi og umbótum í öryggismálum út frá kynjasjónarhorni. Hún vinnur bæði með stjórnvöldum og innlendum grasrótarsamtökum en viðfangsefnið spanna allt frá stefnumótun til smærri verkefna í sveitum Líberíu.

Auður H. Ingólfssdóttir hefur starfað fyrir UNIFEM á Balkanskaga frá ágúst 2007. Auður er staðsett í Skopje, Makedóníu og er ráðgjafi við svæðisbundið verkefni UNIFEM sem snýr að þátttöku kvenna við friðaruppbyggingu á Balkanskaga. Verkefnið felur í sér samstarf við stjórnvöld, frjáls félagasamtök og aðrar alþjóðastofnanir á svæðinu um verkefni sem varða jafnrétti og virka þátttöku kvenna í stjórnmálum og friðarferlum.

Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir hefur starfað í höfuðstöðvum UNIFEM í New York síðan í september 2007 en þar gegnir hún stöðu sérfræðings í Afríkudeild UNIFEM. Aðalheiður sinnir einkum verkefnum er varða lagalega stöðu kvenna í Afríku sem og þátttöku kvenna í friðarviðræðum og uppbyggingu eftir átök.

Nanna Magnadóttir kom til starfa hjá UNIFEM árið 2006. Hún sá um að opna skrifstofu UNIFEM í Serbíu og starfaði sem verkefnisstjóri þar. Meginverkefni hennar sneru að vinnu í tengslum við endurgerð stjórnskráa í löndum á Balkanskaga og að samþætta kynjasjónarmið í þá vinnu.



# Styrktaraðilar UNIFEM á Íslandi

**UNIFEM á Íslandi þakkar öllum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn.**

## Glitnir

Glitnir og UNIFEM á Íslandi undirrituðu samning sín á milli við hátíðarkvöldverð Glitnis þann 13. janúar. Þar gerðist bankinn bakhjarl félagsins næstu tvö árin. Glitnir er fyrsta fyrirtækið sem gerir styrktar- og samstarfssamning við UNIFEM á Íslandi en bankinn mun úthluta 10 milljónum úr Menningarsjóði sínum til félagsins. Markmið samstarfsins er að byggja upp innlent fræðslu- og kynningarstarf til að auka almenna þekkingu á málefnum kvenna í þróunarlöndum og á stríðshrjádum svæðum auk þess sem sérstök áhersla verður lögð á baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Styrkurinn markar tímamót í starfi UNIFEM á Íslandi og veitir félaginu byr undir báða vængi.

## Landsbankinn

UNIFEM á Íslandi fékk óvænt eina milljón króna úr Menningarsjóði Landsbankans þegar úthlutað var úr sjóðnum 11. apríl. Alls var úthlutað 75 milljónum til 75 samtaka sem skráð eru í *Leggðu góðu málefni lið* sem er þjónusta fyrir viðskiptavinum Landsbankans sem vilja styrkja samtök í gegnum netbankann sinn. Styrkur Menningarsjóðsins til UNIFEM á Íslandi rennur óskertur til uppbyggingar og reksturs kvennamiðstöðva UNIFEM í Afganistan.

## Gutenberg

Prentsmiðjan Gutenberg sýndi gott fordæmi og varð fyrsta einkarekna fyrirtækið til að sýna áhuga á langtímasamstarfi við UNIFEM á Íslandi. Samstarfið, sem komið var á í janúar, miðar að því að styðja við fræðslu- og kynningarstarf UNIFEM á Íslandi og stuðla þannig að vitundarvakningu um málefni kvenna á heimsvísu.

## Fyrirverandi karlremba snýr við blaðinu

Eiður Haraldsson, forstjóri, afpakkaði gjafir á sextugs-afmæli sínu í janúar og hvatti gesti til að láta andvirði gjafanna renna til UNIFEM á Íslandi. Eiður segist alltaf hafa verið mikil karlremba en telji nú tíma til kominn að snúa við blaðinu og fannst því tilvalið að styðja UNIFEM með þessum hætti. Fjármunirnir, alls 500.000 krónur, renna til kvennamiðstöðvanna í Afganistan.

## Hlaupið til styrktar UNIFEM

Fimmtán hlauparar hétu á UNIFEM í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis 18. ágúst. Alls voru hlaupnir 119 km til styrktar konum í Afganistan og söfnuðust þar með 100.000 krónur.

## Spilað til styrktar UNIFEM

Ríflega 800 þúsund krónur söfnuðust á tvennum tónleikum hins heimsfræga fiðluleikara Gilles Apap í Grafarvogskirkju 7. október. Allur aðgangseyrir tónleikanna rann í *Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum*. Hjörleifur Valsson fiðluleikari skipulagði tónleikana, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. var styrktaraðili tónleikanna og Ingunn Wernersdóttir, ráðgjafi UNIFEM á Íslandi, var sérstakur verndari þeirra.

## Dansað til styrktar UNIFEM

Um 200 manns tóku þátt í hóptíma sem Hreyfing stóð fyrir í Valsheimilinu 3. nóvember og dónsuðu zumba við suðræna tónlist til styrktar UNIFEM. Glitnir styrkti viðburðinn en allur ágóði af honum, 400.000 krónur, rann til *Styrktarsjóðs UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum*, sérstaklega eyrnamerkt verkefnum í Suður-Ameríku.



# Fjármál UNIFEM á Íslandi

## Framlög og tekjur

Tekjur ársins voru 18,3 milljónir króna. Framlög vegna söfnunar í UNIFEM verkefni voru 3,1 milljón á árinu. Vel gekk að fjármagna rekstur og voru tekjur vegna reksturs 14 milljónir. Að auki voru fjármagnstekjur 1,2 milljónir á árinu. Á árinu lagði UNIFEM á Íslandi áherslu á söfnun til handa Kvennamiðstöðvum í Afganistan og í Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Framlög sem söfnuðust í Kvennamiðstöðvar í Afganistan voru 1,6 milljónir og í Styrktarsjóðinn 1,4 milljónir.

Reglubundin framlög einstaklinga eru mikilvæg kjölfesta í söfnun UNIFEM á Íslandi til UNIFEM verkefna. Einstaklingar styrkja verkefni með framlögum frá 1000 – 30.000 krónum mánaðarlega. Að auki styrkja fyrirtæki og einstaklingar verkefni með ýmsum hætti, bæði í gegnum beina styrki og svo með söfnunaráttök um í þágu málefnsins.

Framlög og styrkir fyrirtækja og einstaklinga til Kvennamiðstöðva í Afganistan á árinu komu víða að. Landsbanki Íslands úthlutaði 1 milljón króna styrk úr sjóð sínum Leggðu góðu málefni lið. Framlag vegna áheita í Reykjavíkummaræðni Glitnis var 100 þúsund krónur og framlög gesta í sextugs afmæli Eids Haraldssonar voru 500 þúsund krónur.

Framlög og styrkir eyrnamerkir í Styrktarsjóðinn komu einnig víða að. Velunnari UNIFEM á Íslandi gaf aðgangseyri vegna Fiðlutónleika að upphæð 815.000 krónur. Líkamsræktarstöðin Hreyfing gaf aðgangseyri vegna Zumba danstíma kr. 115.000. Að auki styrkti einstaklingur Styrktarsjóðinn með 100.000 króna framlagi.

## Bakhjarlar – styrkir til reksturs

Samningur við bakhjarla UNIFEM á Íslandi, utanrík-

isráðuneytið og Glitni, er uppistaðan í styrkjum vegna reksturs félagsins. Samningur við utanríkisráðuneytið kveður á um 5 milljón króna styrk á ári í 3 ár, frá 2007 til 2009. Samningurinn við Glitni kveður á um 5 milljónir króna á ári í tvö ár, frá 2007 til 2008. Að auki styrkti einstaklingur UNIFEM á Íslandi um 2 milljónir á árinu.

## Félagsgjöld og aðrar tekjur

Félagsgjöld á árinu voru 1,2 milljónir. Aðrar tekjur eru vegna umsýsluþóknunar, 460 þúsund, auk greiðslu vegna námskeiðahalds og annarra viðburða

## Útgjöld

### Rekstrarkostnaður

Stærsti kostnaðarliður vegna reksturs er starfsmannakostnaður sem var 6 milljónir á árinu. Annar skrifstofu- og húsnæðiskostnaður var 2,2 milljónir.

### Útgjöld vegna viðburða

Undirbúningur Fiðrildavíkunnar hófst á árinu og var kostnaður við viðburðastjórnun og gerð fræðsluefnis 2,3 milljónir. Tímarit UNIFEM var gefið út á árinu og voru útgjöld vegna þess 1,1 milljón.

### Söfnunarfé, framlög og tekjur

Framlög til UNIFEM verkefna	3.105.000
Framlög og tekjur til reksturs	14.083.000
Fjármagnstekjur og gjöld	1.175.000
<b>Alls</b>	<b>18.363.000</b>

### Útgjöld ársins

Rekstrarkostnaður	8.172.000
Kostnaður vegna fjáröflunar	3.606.000
<b>Alls</b>	<b>11.778.000</b>



Anna Gyða Gunnlaugsdóttir



Elín Rósa Sigurðardóttir



Sjöfn Vilhelmsdóttir

# Overview of 2007

## Preparation of the Butterflyweek

In 2007, the National Committee of UNIFEM in Iceland (NCI) began preparing an ambitious fundraising campaign in support of the UN Trust Fund to End Violence Against Women. A week-long campaign should run from 2-8 of March 2008 under the slogan the Butterfly week, concluding on the International Women's Day, March 8, 2008.

The NCI decided to use the butterfly as a symbol for its fundraising campaign as the butterfly has for centuries been a symbol for people's transformation to freedom and because of its strong association with the international campaign against gender-based violence. The International Day for the Elimination of Violence Against Women commemorated on the 25th of November every year is the day of the murder of the political activists Mirabal sisters in the Dominican Republic, who were known as the Butterflies.

The theory of the butterfly effect refers to the way butterfly's wings, which create tiny changes in the atmosphere, can ultimately cause an immense influence in the weather system halfway around the world. Very symbolic for the work of UNIFEM worldwide as the flapping wing represents a small change in the initial condition of a system that can cause a chain of events leading to large-scale changes in the system.

Most of the preparation for the Butterfly Week took place in the year 2007. A working group was formed to manage the planning and the implementation of the campaign in cooperation with the NCI board. The working group included a director of the project, a project manager, a fund raising manager, the NCI executive director, a spokesperson, graphic designers as well as a group of consultants and volunteers. The main task in

the year 2007 was to develop the concept behind the Butterfly Week both orally and visually, organise the fundraising, make promotional material and design the visual outlook of the campaign and make of public relations plan.

## Other activities in 2007

In March, the NCI took part in establishing an umbrella association for non-governmental organisations working on development and humanitarian affairs in Iceland. The aim of the association is to create a platform for the exchange of views and collaboration on issues of common concern.

In August, the NCI had an open house on the annual Reykjavík Culture Night inviting people to get acquainted with the work of UNIFEM by means of listening to music and stories about women and the work of UNIFEM as well as taking a look at pictures, items and national costumes of women from around the globe that that were put on display.

In commemoration of the International Day for the Elimination of Violence Against Women, the NCI had Lindora Howard-Diawara, the executive director of the organization Women in Peacebuilding Network in Liberia arriving in Iceland as a keynote speaker at its annual breakfast meeting on the 25 of November. In her presentation Lindora told about the intensive fight of Liberian women for peace and a life free of violence. During her stay, Lindora also met with a group of women from the business community and gave press interviews.

On the 25th of November, the NCI also published its annual magazine, which theme was the combat against gender-based violence. The aim of the annual publica-



tion is to increase the public awareness and interest in the cause of women and the work of UNIFEM.

Finally, the NCI collaborated with the Icelandic women's movement in hosting open meetings on issues related to gender-equality and human rights.

### Sponsors

In the beginning of the year 2007, an important contract was signed with Glitnir bank in support of the operation of the NCI. The aim of the contract is to assist the NCI in its work to disseminate information about the cause of women in developing countries and the work of UNIFEM worldwide and thereby create a public awareness, with a special focus on violence against women. The contract constitutes of ISK 10 million to cover the operational cost of the NCI in year 2007 and 2008. Glitnir bank is the first private company to support the work of the NCI this way.

Landsbanki donated ISK one million to the NCI, which transferred the donation to the development of women's centres in Afghanistan managed by UNIFEM in Afghanistan.

The Gutenberg printing house supported the NCI by providing discounts of printing material and thereby contributes to the goal of the NCI of carrying out its mission of public awareness raising and fundraising with as little cost as possible.

Finally, thanks to individuals, groups and other companies, who contributed to the NCI this year by different means, the NCI was able to support the women centres in Afghanistan and the UN Trust Fund to End Violence Against Women.

### The Icelandic Government's contribution

On the International Women's Day, the 8th of March, the NCI and the Minister for Foreign Affairs in Iceland signed a cooperative agreement. The agreement stipulates ISK 5 million per year for three years (2007-2009) to the NCI and cooperation in increasing the public's interest in the work of UNIFEM, encouraging gender mainstreaming into public policy making and increasing cooperation between the NCI and Icelandic authorities. The NCI among other things provides a gender-awareness course for the Icelandic peacekeeping officers and JPO's before deployment to missions abroad.

The Government of Iceland has increased its support to UNIFEM considerably in the last few years. In 2003 the allocation from the Icelandic Government was ISK 2.8 million and in 2007 it had increased to ISK 47.4 million. That year, it was announced that the allocation would be increased to ISK 87.5 million in the year 2008. The Minister for Foreign Affairs has on many occasions emphasised the importance of empowering women and considers investment in women to be one of the best investment there is. In that spirit, the Minister for Foreign Affairs looks upon UNIFEM as a key player and partner in development assistance. Currently, the Ministry also sponsors five UNIFEM field positions which are occupied by Icelandic staff. Three Icelandic women recruited by the Icelandic Crisis Response Unit of the Ministry for Foreign Affairs work for UNIFEM field missions in Serbia, Macedonia and Liberia and two women work as JPO's at the UNIFEM headquarters New York and regional office in Barbados.

# Fólkið á bakvið UNIFEM á Íslandi



Aftari röð frá vinstri: Magnea, Friðbjörg, Hrund, Þorbjörg Sigríður. Fremri röð frá vinstri: Elsa, Hanna Björg, Guðrún Margrét, Sigríður Erla, Jónína. Á myndina vantar: Andreu og Katrínu

## Stjórnarformaður:

**Guðrún Margrét Guðmundsdóttir**, mannfræðingur

## Varaformaður:

**Magnea Marinósdóttir**, stjórn málafræðingur

## Gjaldkeri:

**Elsa Guðmundsdóttir**, fjármálastjóri

## Meðstjórnendur

Andrea Róbertsdóttir, félags- og kynjafræðingur

Sigríður Erla Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

Friðbjörg Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri og MA nemi í menningarstjórnun

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari

Hrund Gunnsteinsdóttir, þróunarfræðingur

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur

## Varamenn í stjórn

Katrín Hauksdóttir, MA nemi í HÍ

Jónína Helga Þórólfsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum



**Ásdís Halla Bragadóttir**  
Verndari UNIFEM á Íslandi



**Sjöfn Vilhelmsdóttir**  
Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi til nóvember 2007



**Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir**  
Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi frá desember 2007



**Kristín Ólafsdóttir**  
Yfirstjórnandi Fiðrildavíku



**Eva Hrönn Steindórsdóttir**  
Verkefnastýra Fiðrildavíku



**Elínrós Línal**  
Fjáröflunarstýra Fiðrildavíku



**Gréta V. Guðmundsdóttir**  
Grafískur hönnuður Fiðrildavíku



**Diljá Þórhallsdóttir**  
Grafískur hönnuður Fiðrildavíku



Irinnews

**UNIFEM á Íslandi**  
Laugavegi 42  
Miðstöð Sameinuðu  
þjóðanna á Íslandi  
101 Reykjavík  
Sími 552 6200  
[unifem@unifem.is](mailto:unifem@unifem.is)

